



Efni: Heimild til að hefja verkefnið „skilvirkara umhverfi stafrænna lausna“.

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja vinnu við verkefnið „skilvirkara umhverfi stafrænna lausna“.

Flestar stafrænar lausnir borgarinnar eru hýstar í skýjaumhverfi og til lengri tíma verða þær allar hýstar í slíku umhverfi. Markmið verkefnisins er að styrkja innviði skýjaumhverfis borgarinnar, aðlaga það eftir nýjustu tæknihögun. Einnig að gera viðeigandi breytingar á umhverfinu í samræmi við nýlega stefnumörkun fjármála- og efnahagsráðuneytisins um tæknigrunn Azure skýjaþjónustu. Á seinustu árum hefur eftirspurn eftir stafrænum lausnum vaxið verulega og ekki sér fyrir endan á þeirri þróun. Því er nauðsynlegt að tryggja gott aðgengi allra þeirra sem þróa, gefa út og reka stafrænar lausnir. Straumlínulaga þarf aðgengi stafrænna teyma borgarinnar að skýjaumhverfinu og styðja þau til að vinna sjálfbært með auðlindir innan þess. Verkefnið leggur einnig áherslu á að auka meðvitund og gagnsæi um þann kostnað sem fylgir hverri stafrænni lausn.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102, Áhöld, tæki og hugbúnaður PON, og tilheyrir tilheyrir verkefnaklasa 80021, notendabúnaður og upplýsingatækniinnviðir. Verkbeiðnanúmer er 249350. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá 1. apríl 2024 til 31. mars 2027 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 308 m.kr., sem tilheyrir eignasjóði á framkvæmdatímanum. Við lok verkefnisins verður rekstrarkostnaður 85 m.kr. á ári hjá skrifstofu upplýsingatækniþjónustu á þjónustu- og nýsköpunarsviði yfir líftíma verkefnisins.

Verkefnið samræmist stefnumörkun stafræns ráðs og var kynnt fyrir stafrænu ráði sbr. 3. lið fundargerðar ráðsins frá 13. mars 2024.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Greinargerð:

Skýjaumhverfi Reykjavíkurborgar er vel skipulagt safn auðlinda, þ.e. gagnagrunnar, net, sýndarvélur o.fl. sem styðja við stafrænar lausnir. Skýjaumhverfið tryggir að réttar tengingar séu til staðar á milli stafrænna lausna, að upplýsingar sem koma frá lausnum séu réttar, skiljanlegar, nákvæmar og aðgengilegar á réttum tíma. Markmið verkefnisins er að uppfylla þessar kröfur þvert á upplýsingakerfi og lausnir borgarinnar.

Verkefnið miðar að því að gera skýjaumhverfi Reykjavíkurborgar skilvirkara og hagkvæmara. Verkefnið verður unnið í þremur fösám: 1) Úttekt og greining á umhverfi og ferlum, 2) innleiðing nýs umhverfis og ferla með þjónustuteymi og 3) að innleiða starfandi Azure þjónustuteymi sem framfylgir ferlum umhverfisins.

Til að hámarka virkni og hagkvæmni stafrænna lausna sem Reykjavíkurborgar hefur þróað á undanförunum árum er brýnt að endurskoða og bæta núverandi fyrirkomulag skýjaumhverfa til að fylgja þeirri hröðu þróun sem á sér stað í slíkum umhverfum. Mikilvægt er að koma auga á leiðir til þess að samnýta auðlindir í skýjaumhverfinu og þar með gera rekstur og framþróun stafrænna lausna hagkvæmari. Tryggja þarf einnig að sú þekking sem hefur áunnist nýtist til fulls og að skýjaumhverfið sé skalanlegt og geti fylgt framþróun stafrænna lausna í takti við breytilegar þarfir íbúa og notenda. Seint á síðasta ári gaf fjármála- og efnahagsráðuneytið síðan út fyrstu útgáfu af lýsingu á tæknigrunni Azure skýjaþjónusta en mikilvægt er að Reykjavík þróa sitt umhverfi í samræmi við þann grunn.

Með skilvirkara skýjaumhverfi eykst öryggi, sem er nauðsynlegt fyrir stafrænar lausnir sem innihalda viðkvæmar upplýsingar um t.d. íbúa og notendur. Auk þess munu vel straumlínulagaðir vinnuferlar og skipulögð uppsetning einfalda samvinnu þvert á borgina fyrir stór verkefni á borð við uppbyggingu gagnalandslags Reykjavíkurborgar.

Núverandi staða er sú að kostnaður skýjaumhverfis Reykjavíkurborgar er ekki nægilega gagnsær, þ.e. flókið getur verið að sjá niðurbrot þessa kostnaðar niður á smærri verkefni. Þessu verkefni er ætlað að breyta því og gera það kleift að skipta kostnaði niður á viðeigandi stafrænar lausnir. Fjárfesting í skilvirkara og hagkvæmara skýjaumhverfi mun almennt leiða til kostnaðarlækkunar í þróun, útgáfu og rekstri stafrænna lausna. Áætlaður uppsafnað hagræði er talið geta numið allt að 105 m.kr. á ári miðað við ef ekki væri farið í verkefnið og skýjaumhverfið rekið óbreytt.

Verkefnið styður m.a. við eftirtaldar stefnur:

- Græna planið
- Þjónustustefnu Reykjavíkurborgar
- Stefnu um nýtingu upplýsingatækni
- Persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 308 m.kr. og 85 m.kr. í árlega rekstrarkostnað eftir framkvæmdatíma verkefnisins.



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Kostnaðarstaður: 2102, Áhöld, tæki og hugbúnaður ÞON, og verkefnaklassi: 80021,
Notendabúnaður og upplýsingatækniinnviðir.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Ólafur Sólimann Helgason,
skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu